

Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Þórshöfn miðvikudaginn 11. júní 2014 og hófst kl 12:00

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Stefán Benjamínsson, Kristinn Lárusson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Hildur Stefánsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Ingveldur Eiríksdóttir, María Guðmundsdóttir Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir, Dagrún Þórisdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð og svo var ekki.

1. Skýrsla frá skólastjórum

Skólastjóri Grunnskólans á Bakkafirði, María Guðmundsdóttir.

- María lagði fram skóladagatal. Það hefur ekki breyst mikið frá síðasta fundi. Ákveðið að færa vorleiksýningu skólans frammar í skóladagatalið og var hún sett á sumardaginn fyrsta. Búið að samræma einhverja starfsdaga við Grunnskólann á Þórshöfn. Fyrirliggjandi skóladagatal fyrir Grunnskólann á Bakkafirði borið undir fræðslunefnd. Samþykkt samhljóða.
- Háskólalestin. Væri spennandi að fá þá til að koma í heimsókn í Langanesbyggð. Fræðslunefnd felur Maríu að kanna möguleikann á því að fá þau í Langanesbyggð. Samþykkt samhljóða.
- Viðhaldslisti fyrir Grunnskólann á Bakkafirði lagður fram. Listinn verður sendur á sveitarstjóra í tölvupósti. Það sem er mest áriðandi á þeim lista er að fara í útisvæðið en leikvöllurinn er í niðurníðslu. Margt af því sem er á listanum þarf ekki að kosta mikið.
- Ruslatunnurnar eru fjúkandi og fjúka upp. Þyrfti að gera skýli í kringum þær. Þarf að laga til að gera snyrtilegra í kringum skólann.
- Faglegt starf grunnskólans á Bakkafirði. Vinnustofurnar voru fyrirferðamiklar síðastliðinn vetur.
- Farið yfir Starfsmannamál næsta vetrar.
- Í vetur var prófað að keyra vinnustofur fyrir yngstu krakkana. Það var erfitt en þau höfðu gott og gaman af.
- Verið að skoða að unglingarnir á Bakkafirði komi á þriðjudögum og fimmtudögum og verði með unglíngunum á Þórshöfn í kennslu þá daga.
- Búið að óska eftir kynningu á vinnustofunum á Vopnafirði í haust.

Skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn, Ingveldur Eiríksdóttir.

- Ingveldur fór ítarlega yfir starf vetrarins á síðasta fundi. Almennt ánægja með veturinn. Framkvæmdir við Grunnskóla Þórshafnar verða ekki miklar í sumar en ljóst að skipta þarf um loftaplötur og ljós. Þá þarf einnig að skoða viðhald í tengiþyngingunni ef verður ekki farið að byggja við skólann. Það eru rakaskemmtir í loftinu og ljósin eru ónýtt. Mála þarf létt yfir skólastofurnar.
- Búið að auglýsa 2x á vef Langanesbyggðar eftir kennurum og það hefur enginn skilað inn umsóknum um þau störf sem auglýst voru.

Ingveldur leggur til að þeir leiðbeinendur sem hafa sinnt þeim stöðum sem auglýstar voru verði endurráðnir. Þessi kennarnar hafa áður verið samþykktir af undanþágunefnd.

Eftirfarandi umsóknir bornar undir fræðslunefnd.

- Hanna María Pétursdóttir ráðin í 100% starf. Samþykkt samhljóða.

Formaður fræðslunefndar lýsti yfir vanhæfi sínu vegna næstu tveggja umsækjenda.

- Þorsteinn Ægir Egilsson ráðinn í 100% starf sem íþróttakennara. Samþykkt samhljóða.
- Hrafngerður Ösp Elíasdóttir í 100% starf í list og verkgreinar. Samþykkt samhljóða.
- Skóladagatal Grunnskólans á Þórshöfn lagt fram. Lögð til breyting á dagsetningu Þorrablótsins um að færa það aftur um eina viku. Skóladagatalið lagt fyrir með þessari breytingu. Samþykkt samhljóða.
- Þarf að auglýsa eftir 1,8 stuðningsfulltrúum og 20% starf við ýmis störf innan skólans. Þess fyrir utan þarf að kaup að vinnu við létt viðhald innan skólans.
- Ingveldur fagnar auknu samstarfi á milli Grunnskólanna í Langanesbyggð en það er að skila miklu inn í skólastarfið.
- Grunnskólinn á Þórshöfn fékk góðan styrk í endurmenntun sem verður nýttur í útinám og í fjölbreytta kennsluhætti.
- Styrkur fékkst í Nordplusverkefnið.

Skólastjóri Leikskólans Barnabóls, Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir

- Halldóra lagði fram skóladagatal fyrir Leikskólann Barnaból. Allt klárt nema að festa einn starfsdag í haust. Lagt fyrir með fyrirvara um tilfærslu á einum starfsdegi. Samþykkt samhljóða.
- Verið að undirbúa næsta skólaár.
- Framundan eru breytingar í starfmannahaldi. Einnig þarf að bæta við 50-70% stöðugildi. Einnig verið að skoða sérkennslustuðning inn á leikskólann. Mikill uggur í starfsfólki vegna óvissu í byggingu nýs leikskóla. Ef hætt verður við byggingu er stafsfolk ekki tilbúið til að starfa áfram.
- Apríl og maímánuður er búinn að vera annasamur og mikið um forföll.
- Nýtt barn kom inn 20. maí og þann dag voru einnig útskrifaðir 3 drengir.
- Sveitaferð í maí, góð þátttaka barna og foreldra.
- Hjóladagur um daginn þar sem lögreglan kom í heimsókn og skoðaði hjól og hjálma.
- Niðurstöður skólapúlsins komnar. Mikil óánægja með húsnæði og aðstöðu. Almenn ánægja með innra starf og starfsfólk.
- Viðhaldslisti fyrir leikskólann hefur verið sendur á Ólaf sveitarstjóra.
- Yfirvofandi vinnustöðvun/verkfall þann 19. júní n.k. en þá verður leikskólinn lokaður nema náist að semja fyrir þann tíma.

2. Mappa fyrir fræðslunefnd

Ingveldur fór yfir hvað hún var búin að gera frá síðasta fræðslunefndarfundum. Búið að uppfæra efnisyfirlitið og því dreift til fundarmanna. Ingveldur hvatti fundarmenn að skrifa inn athugasemdir á efnisyfirlitið og koma þeim til Ingveldar eða Vilborgar.

Ingveldi og Vilborgu falið að vinna áfram að þessari möppu í sumar.

3. Önnur mál

Þorsteinn gerði athugasemd við að síðasta fundargerð er ekki komin á netið. Sigríður baðst velvirðingar á því að það hefur ekki verið gert og mun bæta úr því á morgun.

Formaður fræðslunefndar þakkar fyrir þetta starfstímabil fræðslunefndar. Þetta er búið að vera erfitt en gefandi. Formaður þakkar núverandi og fyrrverandi nefndarmönnum og starfsmönnum, fyrir gott samstarf.

4. Trúnaðarmál

Áheyrendafulltrúar yfirgefa fundinn og eingöngu fræðslunefnd sat trúnaðarfundinn.

Fært í trúnaðarbók.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 14:30